

## Viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta

Samtengingarsamningur  
milli Símans hf.  
og Fjarskiptafyrirtækis

Útgáfa 3.5-~~AB~~

~~1. júní 2009~~

12. sept. 2010

**Efnisyfirlit**

|       |                                                                  |    |
|-------|------------------------------------------------------------------|----|
| 1     | Um samninginn                                                    | 4  |
| 1.1   | Aðilar                                                           | 4  |
| 1.2   | Markmið                                                          | 4  |
| 1.3   | Gildistaka                                                       | 4  |
| 1.3.1 | Nýr viðsemjandi                                                  | 4  |
| 1.3.2 | Samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi     | 4  |
| 1.3.3 | Nýjar númeraseríur                                               | 4  |
| 1.4   | Breytingar á samningi                                            | 5  |
| 1.5   | Uppsögn                                                          | 5  |
| 1.6   | Viðaukar                                                         | 5  |
| 1.7   | Skilgreiningar                                                   | 6  |
| 2     | Þjónusta sem fólgin er í samningnum                              | 8  |
| 2.1   | Þjónusta samningsins                                             | 8  |
| 2.2   | Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig    | 9  |
| 2.3   | Tilkynningar vegna bilana                                        | 9  |
| 2.4   | Misnotkun                                                        | 9  |
| 3     | Samtengingar                                                     | 9  |
| 3.1   | Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar                         | 9  |
| 3.2   | Samtengingarsambönd                                              | 9  |
| 3.3   | Samtengingarumferð                                               | 10 |
| 3.4   | Pöntun á þjónustu                                                | 10 |
| 3.5   | Áætlanir                                                         | 10 |
| 3.6   | Viðurlög og frávik frá áætlunum                                  | 10 |
| 3.7   | Breytingar í símsstöðvum                                         | 11 |
| 3.8   | Tæknilegir skilmálar og hæfi                                     | 11 |
| 3.9   | Takmörkun samtengingarumferðar                                   | 11 |
| 4     | Verðlagning                                                      | 11 |
| 4.1   | Verðmyndun                                                       | 11 |
| 4.1.1 | Samtengingarumferð                                               | 11 |
| 4.1.2 | Tengingargjöld                                                   | 12 |
| 4.1.3 | Leigulínur                                                       | 12 |
| 4.1.4 | Kostnaðardeiling                                                 | 12 |
| 4.2   | Verð og breytingar á verðskrá                                    | 12 |
| 4.2.1 | Verðskrá                                                         | 12 |
| 4.2.2 | Gjaldmiðill                                                      | 13 |
| 4.2.3 | Verðbreytingar                                                   | 13 |
| 4.3   | Verðlagning til viðskiptavina                                    | 13 |
| 5     | Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur             | 13 |
| 5.1   | Grundvöllur uppgjörs                                             | 13 |
| 5.1.1 | Uppgjörstímabil                                                  | 13 |
| 5.1.2 | Gjaldfærsla símtala                                              | 13 |
| 5.1.3 | Gjaldfærsla annarrar þjónustu                                    | 13 |
| 5.1.4 | Skráning samtengingarumferðar                                    | 14 |
| 5.1.5 | Skýrslur um samtengingarumferð                                   | 14 |
| 5.2   | Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur            | 14 |
| 5.2.1 | Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna samtengingarumferðar | 14 |
| 5.2.2 | Gjaldfrestur                                                     | 14 |
| 5.2.3 | Greiðsluábyrgð                                                   | 15 |
| 6     | Vanefndir                                                        | 15 |
| 6.1   | Vanefndarúrræði                                                  | 15 |
| 6.1.1 | Riftun                                                           | 15 |
| 6.1.2 | Skaðabætur                                                       | 16 |

|                    |          |
|--------------------|----------|
| Field Code Changed | ... [1]  |
| Field Code Changed | ... [2]  |
| Field Code Changed | ... [3]  |
| Field Code Changed | ... [4]  |
| Field Code Changed | ... [5]  |
| Field Code Changed | ... [6]  |
| Field Code Changed | ... [7]  |
| Field Code Changed | ... [8]  |
| Field Code Changed | ... [9]  |
| Field Code Changed | ... [10] |
| Field Code Changed | ... [11] |
| Field Code Changed | ... [12] |
| Field Code Changed | ... [13] |
| Field Code Changed | ... [14] |
| Field Code Changed | ... [15] |
| Field Code Changed | ... [16] |
| Field Code Changed | ... [17] |
| Field Code Changed | ... [18] |
| Field Code Changed | ... [19] |
| Field Code Changed | ... [20] |
| Field Code Changed | ... [21] |
| Field Code Changed | ... [22] |
| Field Code Changed | ... [23] |
| Field Code Changed | ... [24] |
| Field Code Changed | ... [25] |
| Field Code Changed | ... [26] |
| Field Code Changed | ... [27] |
| Field Code Changed | ... [28] |
| Field Code Changed | ... [29] |
| Field Code Changed | ... [30] |
| Field Code Changed | ... [31] |
| Field Code Changed | ... [32] |
| Field Code Changed | ... [33] |
| Field Code Changed | ... [34] |
| Field Code Changed | ... [35] |
| Field Code Changed | ... [36] |
| Field Code Changed | ... [37] |
| Field Code Changed | ... [38] |
| Field Code Changed | ... [39] |
| Field Code Changed | ... [40] |
| Field Code Changed | ... [41] |
| Field Code Changed | ... [42] |
| Field Code Changed | ... [43] |
| Field Code Changed | ... [44] |
| Field Code Changed | ... [45] |
| Field Code Changed | ... [46] |
| Field Code Changed | ... [47] |
| Field Code Changed | ... [48] |
| Field Code Changed | ... [49] |
| Field Code Changed | ... [50] |
| Field Code Changed | ... [51] |
| Field Code Changed | ... [52] |

# SAMTENGINGARSAMNINGUR MILLI SÍMANS OG VIÐSEMJANDA

|       |                                                    |    |
|-------|----------------------------------------------------|----|
| 6.1.3 | Dráttarvextir .....                                | 16 |
| 6.1.4 | Úrræði til að bæta fyrir vanefndir .....           | 16 |
| 7     | Óviðráðanleg atvik .....                           | 16 |
| 8     | Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði .....     | 16 |
| 8.1   | Upplýsingaskylda .....                             | 16 |
| 8.2   | Höfundarréttarákvæði .....                         | 17 |
| 8.2.1 | Almennt ákvæði .....                               | 17 |
| 8.2.2 | Sérstakt ákvæði .....                              | 17 |
| 9     | Þagnarskylda .....                                 | 17 |
| 10    | Greiðslutrygging .....                             | 17 |
| 11    | Framsál réttinda og skyldna til þriðja aðila ..... | 17 |
| 12    | Breytingar á samningnum .....                      | 18 |
| 13    | Fulltrúar aðila .....                              | 18 |
| 14    | Lögsaga og lausn ágreiningsmála .....              | 18 |

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

Field Code Changed

## 1 Um samninginn

### 1.1 Aðilar

Síminn hf., kt 500269–6779, Ármúla 25, 150 Reykjavík, hér eftir nefndur Síminn, og [fjarskiptafyrirtæki], [kt.], [heimili], hér eftir nefndur viðsemjandi gera með sér svofelldan samning, sbr. VII. kafla laga nr. 81/2003 um fjarskipti, með síðari breytingum, hér eftir nefndur samningurinn.

### 1.2 Markmið

Meginmarkmiðið með samningnum er að koma því til leiðar að sérhverjum símnotanda verði gert kleift að tengjast, með grunnsamtengingarpjónustu, hvaða símnotanda sem er þótt sá síðarnefndi sé viðskiptavinur annars fjarskiptafyrirtækis og búnaður hans þar tengdur.

Með samningnum er mælt fyrir um aðgang að símnotendum sem tengdir eru talsímaneti gagnaðila.

### 1.3 Gildistaka

#### 1.3.1 Nýr viðsemjandi

Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki eru nú þegar með samtengingarsamning við Símann tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja samningsaðila undir samning þennan.

#### 1.3.2 Samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda er í gildi

Þegar í gildi er samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda leysir nýr samtengingarsamningur/viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, þegar uppsagnarfrestur skv. grein 1.5 er liðinn, nema samningsaðilar semji um að samningurinn taki gildi fyrr.

#### 1.3.3 Nýjar númeraseríur

Fyrirvari er gerður um mismunandi afgreiðslufrest varðandi virkni nýrra númerasería gagnvart innlendum og erlendum fjarskiptafyrirtækjum, sem eru með samtengingu við Símann. Er sá frestur háður þeim tíma sem umrædd fjarskiptafyrirtæki áskilja sér til innsetningar nýrra númerasería og frágangs gjaldtöku vegna þeirra í kerfum sínum.

#### 1.4 Breytingar á samningi

Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar og sent Póst- og fjarskiptastofnun að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans.

Geti viðsemjandi Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur viðmiðunartilboðið aðeins gildi sem samningur varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni viðmiðunartilboðs/samnings til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar.

Síminn birtir „Viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta“ á vef sínum.

#### 1.5 Uppsögn

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

Nú segir Síminn upp samningi og skal hann þá samhliða birta nýjan samtengingarsamning sem tekur gildi um leið og hinn eldri fellur úr gildi.

#### 1.6 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.

- Viðauki 1a, Verðskrá Símans
- Viðauki 1b, Verðskrá viðsemjanda
- Viðauki 2, Tækniskilmálar
- Viðauki 3a, Þjónusta Símans
- Viðauki 3b, Þjónusta viðsemjanda
- Viðauki 4, Prófanir
- Viðauki 5a, Samtenging og kerfislýsing Símans
- Viðauki 5b, Samtenging og kerfislýsing viðsemjanda

Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.

Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.

## 1.7 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í samningi þessum og viðaukum eftir því sem við á:

- **A-símnotandi:** Símnotandi sem hefur frumkvæði að uppkalli.
- **A-númer:** Símanúmer A-símnotanda.
- **A-númerabirting:** Birting símanúmers, venjulega A-símnotanda, hjá B-símnotanda sem hefur slíkan möguleika og þess háttar áskrift.
- **B-símnotandi:** Símnotandi sem hringt er til.
- **B-númer:** Símanúmer B-símnotanda.
- **B-svar:** B-svar kemur þegar B-símnotandi eða tæki tengd línu hans svara uppkalli.
- **Fjarskiptafyrirtæki:** Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
- **Fjarskiptanet:** Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
- **Fjarskiptaþjónusta:** Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.
- **Fjarskiptaumferð:** Fjarskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
- **Grunnsamtengingarþjónusta:** Uppruni, umflutningur eða lúkning almennrar símaþjónustu og annarrar fjarskiptaþjónustu sem byggist á símtölum á allt að 3400 Hz, ásamt annarri þjónustu sem nauðsynleg er til að gera samtengingarumferð mögulega.
- **Fast forval:** Möguleiki sem áskrifendum í talsímaþjónustu er boðinn og gefur þeim kost á að velja að ákveðnum flokkum símtala sé beint til ákveðins þjónustuveitanda, sem valinn er fyrirfram, án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi þjónustuveitanda.
- **Fast forval – einn heildstæður reikningur (FFER):** Heildsölulausn sem innifelur að allri símaumferð (annarri en í 112) er beint til viðsemjanda (þjónustuveitanda), án þess að nota þurfi forskeyti viðkomandi viðsemjanda. Þjónustan innifelur einnig að Síminn býður aðgangslínur, sem gerir viðsemjanda fært að senda viðskiptavinum einn heildstæðan reikning fyrir bæði aðgengi og símnotkun. Gjaldtaka Símans beinist hins vegar að viðsemjanda.

- **Flökkunúmer:** Símanúmer sem úthlutað er af Póst- og fjarskiptastofnun til fjarskiptafyrirtækis fyrir óstaðbundna notkun yfir Internetið.
- **Flökkupjónusta:** Óstaðbundin talsímapjónusta sem veitt er yfir Internetið og er auðkennd með sérstökum flökkunúmerum til aðgreiningar frá annarri talsímapjónustu. Notandinn getur virkjað flökkupjónustu með aðgangsstýringu hvar sem tenging við internetið er möguleg.
- **Forval:** Möguleiki sem gerir notendum í talsímapjónustu kleift að velja milli mismunandi þjónustuveitenda fyrir ákveðin símtöl þrátt fyrir að þeir séu fasttengdir talsímaneti eins fjarskiptafyrirtækis.
- **Hefðbundin símanúmer:** Símanúmer sem tengja búnað símnotenda við grunnsamtengingarþjónustu ásamt hefðbundinni gjalddöku símnotanda. Venjulega er svörun og úthringing handvirk en þó getur búnaðurinn verið sjálfvirkur að einhverju eða öllu leyti ef hegðunarmynstur breytist ekki verulega. Hefðbundið símanúmer getur þannig t.d. verið staðbundið VoIP númer (en ekki úr flökkunúmeraseríu).
- **Internet:** Veraldarvefurinn. Samtengt net tölvukerfa um allan heim, byggt á TCP/IP samskiptastaðlinum.
- **Kvöld-, nætur- og helgidagataxti (KNH taxti):** Taxi sem gildir fyrir tímabilið frá kl. 19:00 á kvöldin til kl. 08:00 að morgni alla virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag. Þá gildir taxtinn alltaf á eftirfarandi frídögum: nýársdag, skírdag, föstudaginn langa, annan dag páska, sumardaginn fyrsta, uppstigningardag, 1. maí, annan dag hvítasunnu, 17. júní, frídag verslunarmanna, jóladag, annan dag jóla, aðfangadag frá kl 12:00 og gamlársdag frá kl 12:00 beri þessa tvo daga upp á virkan dag.
- **Merkjaumferð:** Merkjasendingar á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra.
- **Merkjasending:** Samskipti á milli fjarskiptaneta eða hluta þeirra, sem fela í sér að skipst er á upplýsingum, t.d. til að setja upp símtal.
- **Merkjaleið:** Sú leið sem merkjasendingar eru sendar eftir.
- **Merkjasamband:** Samband milli fjarskiptafyrirtækja sem er gert fyrir merkjasendingar.
- **Merkjapjónusta:** Þjónusta sem tengist merkjasendingum.
- **Notandi:** Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna fjarskiptapjónustu.
- **Óhefðbundin símanúmer:** Símanúmer sem ekki falla undir skilgreiningu um hefðbundin símanúmer.

- **Óstaðbundin símanúmer:** Flókkunúmer.
- **Samtenging:** Efnisleg og rökvis tenging fjarskiptaneta sem gerir notendum kleift að eiga samskipti við aðra notendur eða fá aðgang að þjónustu sem er veitt af öðru fjarskiptafyrirtæki. Ekki skiptir máli hvort þjónustan er veitt af eigendum netsins eða öðrum aðilum sem kunna að hafa aðgang að fjarskiptanetinu.
- **Samtengingarumferð:** Samskipti almennrar símaþjónustu milli fjarskipta-fyrirtækja sem byggjast á tengingu fjarskiptakerfa þeirra. Samtengingarumferð skiptist í símaumferð og merkjaumferð.
- **Samtengingarþjónusta:** Öll þjónusta sem samningurinn nær yfir og aðilar hafi orðið sammála um.
- **Samtengingarpunktur:** Tengipunktur símstöðva.
- **Símaþjónusta:** Þjónusta í tengslum við símtöl.
- **Símnotandi:** Einstaklingur eða lögaðili sem er aðnjótandi grunnsamtengingarþjónustu.
- **Símaumferð:** Samskipti símaþjónustu milli fjarskiptaneta, eða hluta þeirra.
- **Símtal:** Heppnað uppkall þar sem talrás tengist í báðar áttir. Ekki verða öll heppnuð uppköll að símtali.
- **Talrás:** Tenging milli aðila sem gerð er til að flytja tal.
- **Talsímanet:** Fjarskiptanet sem ber talsímaumferð.
- **Uppkall:** Tilraun til símtals. Heppnað uppkall leiðir til hringitóns, upptekins tóns eða svars. Uppkall er einnig talið heppnað ef ígildi upptekins tóns eða hringitóns er til staðar, t.d. talvél. Af óheppnuðu uppkalli verður ekkert símtal.
- **Upprunaþjónusta:** Þjónusta sem á uppruna sinn hjá ákveðnum símnotanda.

## 2 Þjónusta sem fólgin er í samningnum

### 2.1 Þjónusta samningsins

Þjónusta sem fólgin er í samningnum er lýst í viðaukum 3a og 3b.

## 2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina / þjónustugæði / þjónustustig

Hvor aðili ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Hvor aðili innheimtir hjá eigin viðskiptavinum.

Hvor aðili ber ábyrgð á því að viðhalda umsömdum þjónustugæðum og þjónustustigi.

## 2.3 Tilkynningar vegna bilana

Hvor aðili um sig tilkynnir um bilanir í eigin neti. Aðilar skulu veita nauðsynlegt aðgengi að búnaði við framkvæmd bilanagreininga svo komast megi fyrir þær svo fljótt sem auðið er. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.

## 2.4 Misnotkun

Aðilar leitist við að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Skulu þeir strax upplýsa gagnaðila verði þeir varir við óeðlilega notkun eða umferð, sem bendir til misnotkunar á fjarskiptanetum.

# 3 Samtengingar

## 3.1 Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar

Samtengingarsvæði og samtengingarpunktar Símans eru skilgreindir í viðauka 5a.

Viðsemjandi skal skila inn viðauka 5b um samtengingarsvæði og samtengingarpunkta.

Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn eigin kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda.

Breytingar skv. þessari grein skal tilkynna með 6 mánaða fyrirvara.

## 3.2 Samtengingarsambönd

Samtengingarsambönd skiptast í talsambönd og merkjasambönd.

Verð fyrir talsambönd og merkjasambönd eru tilgreind í viðauka 1a.

### 3.3 Samtengingarumferð

Aðilar skuldbinda sig til að sjá til þess að pantanir, stofnun þjónustu, breytingar og rekstur samtengingarumferðar séu skilvirkar og samkvæmt þeim gæðakröfum sem aðilar semja um á hverjum tíma. Samtengingarumferð á merkjasamböndum er ekki sérstaklega gjaldfærð ef gjöld fyrir símtöl eru innheimt af viðkomandi umferð, annars er gjaldfært samkvæmt viðauka 1a.

### 3.4 Pöntun á þjónustu

Lágmarksleigutími á samtengingu og fjölgun samtengingarstrauma er 3 mánuðir.

### 3.5 Áætlanir

Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um samtengingarsambönd, samtengingarumferð og aðra samtengingarþjónustu sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér verulega breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

Í áætlunum um samtengingarsambönd skal koma fram fjöldi strauma og merkjaleiða og áætlaðir tengipunktur.

Í áætlunum um samtengingarumferð skal koma fram áætlað magn og tegund umferðar. Einnig skulu koma fram upplýsingar um áætlað hámarksálag, stærð þess og tíma.

Áætlanir hér að ofan skulu innihalda umferð til og frá viðsemjanda og miðast við að frávísun á uppköllum milli fjarskiptakerfanna verði ekki meiri en 1%.

### 3.6 Viðurlög og frávik frá áætlunum

Áætlanir um samtengingarumferð skulu bornar saman við raunverulega samtengingarumferð á hverju 6 mánaða tímabili. Ef hámarksálag er 25% meira en áætlanir gera ráð fyrir getur Síminn ekki ábyrgst að mæta óskum viðsemjanda.

Ef samtengingarumferð fer 50% undir áætlun er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.

Ef frávik frá áætlunum um aðra samtengingarþjónustu verður verulegt getur Síminn krafist þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað.

Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.

### 3.7 Breytingar í sírstöðvum

Breytingar á skilgreiningum í sírstöðvum sem áhrif hafa á net gagnaðila þarf að tilkynna með góðum fyrirvara og að lágmarki með 5 virkum dögum. Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn kostnað. Ef breytingar eiga rót að rekja til annarra atriða ber sá aðili sem fer fram á breytinguna allan kostnað sem af breytingunni hlýst þ.m.t. kostnað viðsemjanda.

### 3.8 Tæknilegir skilmálar og hæfi

Fjarskiptabúnaður skal vera með viðurkenningu um að uppfylla almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 2.

Til að sannreyna samhæfni búnaðar í samtengipunkti er farið eftir skilmálum í viðauka 4.

Símanum er heimilt að krefjast þess að viðsemjandi leggi fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaðar sem getur haft áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir viðsemjandi ekki skilyrði skv. 1.-3. mgr. og getur Síminn þá hafnað samtengingu við viðsemjanda að öllu leyti eða að hluta.

### 3.9 Takmörkun samtengingarumferðar

Aðilum er heimilt að takmarka samtengingarumferð ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis nets viðkomandi aðila. Tilkynna skal um slíka takmörkun fyrirfram ef því verður komið við. Aðeins skal takmarka samtengingarumferð fyrirvaralaust ef brýna nauðsyn beri til.

## 4 Verðlagning

### 4.1 Verðmyndun

#### 4.1.1 Samtengingarumferð

Samtengingarþjónusta er verðlögð samkvæmt viðauka 1a og 1b. Verðeiningarnar eru fjöldi símtala (B-svör) og lengd hvers símtals (í sekúndum). Mínútuverðið getur verið mismunandi eftir því hvort um er að ræða almennan taxta eða kvöld-, nætur- og helgartaxta.

Merkjaumferð sem ekki er gjaldfærð með símtalagjöldum er gjaldfærð samkvæmt viðauka 1a.

#### 4.1.2 Tengingargjöld

Viðsemjandi greiðir stofngjöld og mánaðarleg rekstrargjöld fyrir aðgang að samtengingarsvæði og fyrir tengingar á samböndum. Verð er tilgreint í viðauka 1a.

#### 4.1.3 Leigulínur

Kostnaði við leigulínur milli samtengingarpunkta samningsaðila, er skipt milli þeirra skv. gr. 4.1.4.

#### 4.1.4 Kostnaðardeiling

Síminn tekur þátt í kostnaði vegna samtengingar þ.e. vegna tenginga á straumi og kostnaði vegna leigulína ef eftirfarandi skilyrði er uppfyllt.

Heildarumferð sem kemur frá viðskiptavinum Símans og lýkur í neti viðsemjanda er meiri en 270.000 mínútur á hverju uppgjörstímabili/mánuði. Heildarmagn mínútna er reiknað sem umferð frá fastaneti/farsímaneti Símans og endar í fjarskiptaneti viðsemjanda.

Til að finna þann fjölda samtengistrauma milli Símans og viðsemjanda, þar sem Síminn tekur þátt í kostnaði vegna samtengingar (þ.e. vegna tenginga á straumi og kostnaði vegna leigulína sbr. 1. mgr.), skal því deila 270.000 mínútum upp í heildarmagn mínútna frá fastaneti/farsímaneti Símans, sem lauk í neti viðsemjanda síðastliðinn mánuð, og námunda útkomuna upp í næstu heilu tölu. Umferð vegna umflutnings um net Símans til nets viðsemjanda, telst ekki með í umræddu heildarmagni mínútna.

Uppgjör skal byggja á skýrslum um samtengingarumferð, sbr. greinar 5.1.4 og 5.1.5.

### 4.2 Verð og breytingar á verðskrá

#### 4.2.1 Verðskrá

Verð fyrir samtengingarumferð og samtengingarpjónustu og aðra þjónustu, sbr. viðauka 3 er tilgreint í viðauka 1a og 1b.

#### 4.2.2 Gjaldmiðill

Verð eru tilgreind í íslenskum krónum án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma um virðisaukaskatt.

#### 4.2.3 Verðbreytingar

Hvor aðili um sig getur gert verðbreytingar á samtengingarþjónustu og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara. Undir slíkar breytingar flokkast þó eingöngu breytingar á umsömdum gjaldaliðum sem verið hafa í gildi og tilgreind í verðskrá hlutaðeigandi samningsaðila. Um nýja gjaldaliði eða aðrar efnisbreytingar skal fara skv. ákvæðum í gr. 1.4

#### 4.3 Verðlagning til viðskiptavina

Hvor aðili um sig sér um og ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.

### 5 Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur

#### 5.1 Grundvöllur uppgjörs

##### 5.1.1 Uppgjörstímabil

Uppgjörstímabil fyrir samtengingarumferð milli viðsemjanda og Símans, svo og fyrir samtengingarþjónustu, miðast við almanaksmánuð.

##### 5.1.2 Gjaldfærsla símtala

Gjaldfært er fyrir öll símtöl þar sem B-svar er skráð.

Tími, sem gjaldfært er fyrir, vegna hvers símtals, er taltími (conversation time) skv. tilmælum ITU-T D.150 (06/99) frá 1999, töluliður 1.5.1.

Heildartími á hverju uppgjörstímabili reiknast sem summan af skráðum umferðarsekúndum allra símtala sem innheimt er fyrir, umreiknuðum í mínútur.

##### 5.1.3 Gjaldfærsla annarrar þjónustu

Gjaldfærsla fyrir aðra þjónustu en símtöl er samkvæmt viðauka 1a og 1b.

#### 5.1.4 Skráning samtengingarumferðar

Samtengingarumferð skal mæld og skráð frá því að hún byrjar og er mælingin nauðsynlegur grundvöllur reikningafærslu samningsaðila.

#### 5.1.5 Skýrslur um samtengingarumferð

Samningsaðilar skulu senda skýrslur um forsendur reikningafærslunnar (á rafrænu formi samkvæmt nánara samkomulagi) strax að loknu uppgjörstímabili, þó eigi síðar en tíunda dag næsta mánaðar eftir að viðkomandi uppgjörstímabili er lokið.

### 5.2 Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur

#### 5.2.1 Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna samtengingarumferðar

Reikningaútskrift fyrir samtengingarumferð skal byggð á skýrslum og mælingum á samtengingarumferð frá viðkomandi samningsaðila. Með sendum reikningum skulu fylgja skýrslur um forsendur reikningafærslunnar.

Ef gagnaðili kýs að mæla og skrá einnig viðkomandi umferð er honum heimilt að bera saman grundvöll móttækis reiknings við þá mælingu. Ef samanburðurinn leiðir í ljós 2% eða meiri mun á reikningafærslum, er honum heimilt að gera athugasemd við grundvöll reikningafærslunnar. Ef athugasemd er þá gerð, er báðum samningsaðilum skylt að vinna sem fyrst að lausn málsins eftir bestu getu.

Ef samanburður leiðir í ljós of lágan reikning og aðili bregst ekki við athugasemd með því að senda leiðréttan reikning innan 3ja mánaða fellur niður réttur til leiðréttingar. Þó fellur rétturinn ekki niður ef ætla má að aðgerðir gagnaðila hafi leitt til lægri reiknings aðila.

Ef ekki tekst að finna lausn innan 2ja mánaða og samanburður leiðir í ljós of háan reikning, eru aðilar skyldaðir til að fara út í formlegar gjaldfærsluprófanir.

Ef samanburður leiðir ítrekað í ljós að mælingar annars aðilans séu rangar er hinum aðilanum heimilt að senda reikning fyrir leiðréttingarvinnunni.

#### 5.2.2 Gjaldfrestur

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.

Gjaldldagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjaldldaga til greiðsludags.

### 5.2.3 Greiðsluábyrgð

Síminn áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætluðum lúkningar og tengigjöldum þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Síminn óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

## 6 Vanefndir

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.

### 6.1 Vanefndarúrræði

#### 6.1.1 Riftun

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:

- ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, tæknilega eða viðskiptalega eins og þær koma fram í samningnum;
- ef gagnaðili fær heimild til greiðslustöðvunar, farið er fram á gjaldþrotaskipti á búi hans; eða
- ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
- ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.

Þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Vanskil teljast alltaf veruleg vanefnd ef þau hafa staðið í meira en 3 mánuði.

#### 6.1.2 *Skaðabætur*

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstrartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

#### 6.1.3 *Dráttarvextir*

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.

#### 6.1.4 *Úrræði til að bæta fyrir vanefndir*

Samningsaðili, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, hefur rétt til að bæta þar úr innan frests, sem honum er settur í því skyni að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera það ljóst með öðrum hætti. Bæti samningsaðili ekki úr tilgreindum vanefndum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.

Ákvæði þetta gildir þó ekki ef slíkum úrræðum verður ekki við komið af óviðráðanlegum ástæðum eða ef nauðsynleg úrræði hafa í för með sér veruleg óþægindi eða umtalsverðan aukakostnað fyrir þann sem ábyrgð ber á samningsrofinu.

### 7 Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

### 8 Upplýsingaskylda og höfundarréttarákvæði

#### 8.1 *Upplýsingarskylda*

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði sem nauðsynleg eru við framkvæmd samningsins.

## 8.2 Höfundarréttarákvæði

### 8.2.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

### 8.2.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

## 9 Þagnarskylda

Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

## 10 Greiðslutrygging

Símanum er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir viðsemjanda um samtengingarumferð.

## 11 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Viðsemjanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis Símans.

Þó er viðsemjanda heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að

viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Símans að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.

## 12 Breytingar á samningnum

Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.

## 13 Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða viðaukum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Síminn hf.: xxxxxxxxxxxxxx

Fjarskiptafyrirtæki hf. (viðsemjandi) : xxxxxxxxxxxxxx

## 14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Ef ágreiningur verður milli aðila um gildi, túlkun eða framkvæmd samningsins skulu þeir semja um lausn hans sín í milli, en ella fer um lausn ágreiningsefna skv. fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun á hverjum tíma.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.]

Síminn hf.

[Fjarskiptafyrirtæki hf.].

-----

-----

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [1] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [1] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [2] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [2] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [3] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [3] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [4] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [4] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [5] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [5] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [6] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [6] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [7] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [7] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [8] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [8] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [9] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [9] Change  | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [10] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [10] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [11] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [11] Change | Unknown |

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [12] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [12] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [13] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [13] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [14] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [14] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [15] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [15] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [16] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [16] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [17] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [17] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [18] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [18] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [19] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [19] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [20] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [20] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [21] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [21] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [22] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [22] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [23] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [23] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [24] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [24] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [25] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [25] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [26] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [26] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [27] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [27] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [28] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [28] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [29] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [29] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [30] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [30] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [31] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [31] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [32] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [32] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [33] Change | Unknown |

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [33] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [34] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [34] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [35] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [35] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [36] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [36] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [37] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [37] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [38] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [38] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [39] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [39] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [40] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [40] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [41] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [41] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [42] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [42] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [43] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [43] Change | Unknown |
|---------------------|---------|

Field Code Changed

|                     |         |
|---------------------|---------|
| Page 2: [44] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [44] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [45] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [45] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [46] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [46] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [47] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [47] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [48] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [48] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [49] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [49] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [50] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [50] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [51] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [51] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [52] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |
| Page 2: [52] Change | Unknown |
| Field Code Changed  |         |